



## Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra

### Fundargerð

**35. fundur** Úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra, haldinn mánudaginn 4. desember 2023, kl. 10:00, á Blönduósi.

**Mætt til fundar:** Ragnhildur Haraldsdóttir, formaður, Elín Lilja Gunnarsdóttir, formaður fagraðs menningar og Hildur Þóra Magnúsdóttir, formaður fagraðs atvinnuþróunar og nýsköpunar.

**Einnig** sátu fundinn starfsmenn SSNV, Davíð Jóhannsson og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir. Formaður nefndarinnar stýrði fundi.

### Dagskrá:

**1. Bréf framkvæmdastjóra SSNV sent til formanns úthlutunarnefndar 4. desember 2023, svohljóðandi:**

*„Í fjárhagsáætlun Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) fyrir árið 2024 sem samþykkt var á haustþingi samtakanna þann 12. október 2023 er gert ráð fyrir að styrkir Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra á árinu 2024 verði:*

*Til menningarmála 36.000.000 kr.*

*Til atvinnuþróunar og nýsköpunar 34.000.000 kr.*

*Að auki eru til ráðstöfunar fjármunir vegna styrkja sem hafa verið lækkaðir, felldir niður eða afþakkaðir af styrkþega. Þeir fjármunir skiptast þannig:*

*Til menningarmála 2.500.000 kr.*

*Til atvinnuþróunar og nýsköpunar 6.685.361 kr.*

*Samtals eru því til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra í úthlutun með umsóknarfresti til 1. nóvember 2023:*

*Til menningarmála 38.500.000 kr.*

*Til atvinnuþróunar og nýsköpunar 40.685.361 kr.*

*Samtals til úthlutunar 79.185.361 kr.*

*Óskað er eftir því að innihald þessa bréfs verði bókað í fundargerð úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs.*

*Komi til þess að ekki verði öllum fjármunum úthlutað mun stjórn SSNV taka ákvörðun um ráðstöfun eftirstöðva.“*

**2. Vanhæfi nefndarmanna við afgreiðslu umsókna í Uppbyggingarsjóð.**

Enginn nefndarmaður Úthlutunarnefndar var vanhæfur við afgreiðslu umsókna.

### 3. Fundargerðir fagráðs menningar

Fundargerðir fagráðs til kynningar.

### 4. Tillaga fagráðs menningar um styrki á sviði menningar - afgreiðsla

Fyrir fundinum lá tillaga fagráðs menningar, frá 28. nóv. sl., um úthlutun styrkja. Nefndin fór yfir tillögurnar og ræddi þær.

Samþykkt að 11 umsóknir fái stofn- og rekstrarstyrk alls að upphæð 12.000.000 kr.

Samþykkt að 41 umsóknir fái verkefnastyrk alls að upphæð 26.500.000 kr.

Sjá fylgiskjal: „Fagráð MENN – úthlutun 2024“.

Fjármagn til úthlutunar er sett fram með fyrirvara um samþykki stjórnar SSNV. Heildarfjármagn byggir á fjárhagsáætlun SSNV sem samþykkt var á Haustþingi 12. október 2023 auk fjármagns sem kemur til endurúthlutunar.

### 5. Fundargerðir fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar

Fundargerðir fagráðs til kynningar.

### 6. Tillaga fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar um styrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar - afgreiðsla

Fyrir fundinum lá tillaga fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar, frá 27. nóv. sl., um úthlutun styrkja. Nefndin fór yfir tillögurnar og ræddi þær. Samþykkt að 21 umsókn fái styrk alls að upphæð 40.685.361 kr.

Sjá fylgiskjal: „Fagráð APN – úthlutun 2024“.

Fjármagn til úthlutunar er sett fram með fyrirvara um samþykki stjórnar SSNV. Heildarfjármagn byggir á fjárhagsáætlun SSNV sem samþykkt var á Haustþingi 12. október 2023 auk fjármagns sem kemur til endurúthlutunar.

### 7. Svarbréf til umsækjenda um styrk

Fyrir fundinum lágu drög að svarbréfum til umsækjenda. Ekki voru gerðar athugasemdir við drögin.

### 8. Úthlutunarreglur 2024 - umsögn

Fagráðin funda 6. og 7. desember þar sem farið verður yfir umsóknar- og úthlutunarferli. Í framhaldi af þeim fundum verður boðað til fundar með Úthlutunarnefnd.

### 9. Könnun meðal umsækjenda – niðurstöður

Í heild voru niðurstöðurnar mjög jákvæðar, almenn ánægja með úthlutunarferlið og þjónustu ráðgjafa SSNV.

### 10. Önnur mál

Engin önnur mál komu fram.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð upplesin og samþykkt, fundi slitið kl. 11:26.

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, fundarritari